

## **38. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 25. janúar 1996, að Eyravegi 8.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

### **1. Kaup á sorptroðara.**

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Merkúr hf., um kaup á BOMAG 570 sorptroðara.

Jafnframt var framkvæmdastjóra heimilað að afla lánsfjár til kaupanna.

### **2. Samningur um skiptingu skrifstofukostnaðar milli SASS og Sorpstöðvar Suðurlands.**

Lagt er til að hlutur Sorpstöðvarinnar verði á þessu ári kr. 1.290.000.-

Samþykkt.

### **3. Tillaga að gjaldskrá.**

Eftirfarandi samþykkt:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 1.50 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr. 3.00 “
Afgreiðslugjald fyrir hverja losun	kr. 500.-

Jafnframt samþykkt að taka gjaldskrána til endurskoðunar eftir fjóra mánuði í ljósi fenginnar reynslu.

### **4. Fjárhagsáætlun 1996.**

Áætlun lögð fram.

Áætlaðar heildartekjur nema kr. 35.000.000.-

Gjöld og afborganir lána kr. 34.640.000.-

Áætlunin samþykkt.

### **5. Samningar við Gámaþjónustunar.**

Samningur um móttöku sorps kynntur og samstarfssamningur staðfestur.

### **6. Staða Hvalsbrúnarmálsins.**

Lagt fram bréf frá Andra Árnasyni, dags. 21. janúar s.l. þar sem kemur fram að dómkvaddir hafi verið tveir yfirmatsmenn í málinu.

Framkvæmdastjóra falið semja greinargerð um málið á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

### **7. Drög að ársreikningi 1995.**

Lagður fram til kynningar.

## 8. Önnur mál.

- a) Formaður greindi frá fundi hans og framkvæmdastjóra með forráðamönnum Gáms, þar sem rætt var samstarf um endurvinnslu á pappír sem áformað er að verði hér á landi.
- b) Lagt fram samrit af bréfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til Hollustuverndar ríkisins vegna sorpförgunar á Suðurlandi.  
Til kynningar.

Fundi slitið kl. 11.45.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.